

Reykjavík, 29. október 2018

**Alþingi - Nefndasvið**  
**Umhverfis- og samgöngunefnd**  
**Austurstræti 8-10**  
**101 Reykjavík**

**Efni: Umsögn Samorku um „tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2033“**

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja sendi inn umsögn um umhverfismat samgönguáætlunar 2019 – 2033 og kom þar fram með ábendingar um vatnsverndarsvæði og mikilvægi þeirra. Var á það bent að enginn texti væri í matinu sem fjallaði um mikilvægi vatnsauðlindarinnar og þá í samhengi við þá staðreynd að víða um land liggja þjóðvegir um vatnsverndarsvæði.

Þessar ábendingar eru áréttáðar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033. Samtökin benda á að aðgangur að hreinu og heilnæmu neysluvatni er lífspursmál fyrir íbúa og atvinnulíf og mengun vegna umferðar eða mengunarslysa getur haft gífurleg og viðvarandi áhrif á vatnsból. Er hér einkum horft til slysa þar sem díselolía eða bensín eða sambærileg efni bifreiða komast í jarðveg eða vatnsveg á vatnsverndarsvæðum og sama getur átt við um farm flutningabíla sem um þjóðvegina aka.

Af þessum ástæðum telja samtökin mjög mikilvægt að sérstaklega sé horft til þessarar hættu og mats á henni við endurbætur, viðhald og nýframkvæmdir í þjóðvegakerfinu. Nauðsynlegt er að sérstakt tillit sé tekið til þessa við hönnun vega og ákvörðunar um varnarbúnað á umræddum svæðum en einnig í forgangsröðun verkefna. Er því mikilvægt að Vegagerðin láti gera sérstakt mat á þessum þáttum og hvar brýnna aðgerða kann að vera þörf. Er Samorka að sjálfsögðu tilbúin í samstarf hér að lútandi.

Er því eðlilegt að um vatnsverndina sé fjallað með sjálfstæðum hætti í samgönguáætlun t.d. í kafla 2.2. „Markmið um öruggar samgöngur“ og í kafla 2.4 „Markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur“. Hér þarf að hafa í huga að vatnsverndarsvæðin eru sérstaklega viðkvæm og í raun ekki nægilegt að „lágmarka afleiðingar“ mengunarslysa heldur að hægt sé að koma í veg fyrir afleiðingar mengunar á þeim svæðum, svo vísað sé til liðar 2.4.13 í þingsályktuninni.

Til þess þarf að taka sérstakt tillit til vatnsverndarinnar í hönnun og tryggja nægilega góð öryggissvæði meðfram vegum á vatnsverndarsvæðunum þar sem jarðvegspúðar taka við mengun og hana síðan hægt að grafa upp og koma í burtu af svæðinu. Í þessu sambandi má einnig vísa til kaflans um staðbundin og svæðisbundin umhverfisáhrif þar sem eðlilegt væri að fjalla um þessi atriði.

Áréttað er að mikilvægt er að vatnsverndarhagsmunanna og tillitinu til þeirra sér sérstaklega getið í samgönguáætlun svo skýrt sé að Vegagerðinni sé skylt að taka tillit til þessara öryggisþátta sem annarra við hönnun, framkvæmdir, forgangs röðun og áhættumat.

Beðist er velvirðingar á að farið var fram yfir uppgefinn umsagnarfrest en þess vænst að það komi ekki að sök.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllt,



Páll Erland,  
framkvæmdastjóri